



Vinsælir í Bandaríkjunum

Um fjörutíu og fimm íslenskir fjárhundar voru samankomnir í Beaver Creek í Bandaríkjunum. Til efnið var tíu ára afmæli Samtaka íslenska fjárhundsins í Bandaríkjunum. Í Bandaríkjunum eru einungis um 600 til 700 íslenskir fjárhundar. Forseti samtakanna, Knox Rhine, segir hundana mjög góðan félagsskap. „Þeir njóta sín vel meðal fólks og kjósa félagsskap manna fram yfir samneyti við aðra hunda,“ sagði Rhine. Að hans sögn eru þeir notaðir sem félagsskapur fyrir einhverf börn og á barnaheimilum.